Umhverfisstofnun
Environment Agency of Iceland | Suðurlandsbraut 24
IS – 108 Reykjavík | Tel: +354 591-2000
Fax: +354 591-2020 | www.umhverfisstofnun.is
ust@umhverfisstofnun.is

Rangárþing ytra
Suðurlandsvegur 1-3
850 Hella

UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 14. ágúst 2015
UST201507-055/B.S.
10.04.03

**Efni: Deiliskipulagi - Litla-Klofa 2, Landssveit. Umsögn**

Vísað er til bréfs skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings ytra dags. 9. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda deiliskipulagstillögu.
Á skipulagssvæðinu eru alls 14 lóðir að undanskilinni svokallaðri lóð nr. 6 en þegar hefur verið gert deiliskipulag þeirrar lóðar. Bent skal á að umfjöllun um lóð nr. 6 í greinargerð er að áliti Umhverfisstofnunar nokkuð villandi þar sem sérstök áhersla er lögð á umfjöllun um þá lóð.
Fram kemur að landsvæðið sé flatlendur, stórþýfður, grasivaxinn úthagi í bland við hálfgróna sandfokshóla. Skipulagssvæðið afmarkast gróflega af Landvegi, vegi að Stóru-Völlum og Tjarnarlæk.
Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við umrædd deiliskipulag aðra en þá að ekki skal girða meðfram ám og vötnum þannig að hindri umferð gangandi manna sbr. 23. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

Virðingarfyllst

Björn Stefánsson
Sérfræðingur

Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur